

ákærða, er hafður var í varðhaldi nær mánaðartíma meðan á rannsókninni stóð, sbr. lög 28, 26. okt. 1893, 8. gr., og verður því að greiða hann allan af almanna fé, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 8 kr., og málfutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15. kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði, Hjálmar Þorgilsson, á að vera sykn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiðist af almanna fé, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Jóns Jónssonar á Hafsteinsstöðum 8 kr., og málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gislasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Nr. 29/1912:

Eggert Claessen fyrir hönd
hins danska steinolfuhlutafélags
gegn
Jóni kaupmanni Árnasyni.

Dómur:

Með bréfi dags. 29. jan. þ. á. synjaði vörumerkja-

skrásetjarinn í Reykjavík stefnda Jóni kaupmanni Árnasyni um að skrásetja vörumerki, er stefndi tilkynnti til skrásetningar 27. s. m., þangað til dómur væri genginn í máli, er áfryjandi, »hið danska steinolíuhlutafélag«, hafði höfðað gegn stefnda fyrir heimildarlaus afnot af þessu vörumerki, er félagið taldi svo líkt skrásettu vörumerki sínu, að á þeim yrði vilzt. Í nefndu máli gekk dómur 28. marz þ. á. á þá leið, að stefnda skyldi óheimilt að nota hið umstefnda vörumerki, með því að hann hefði eigi gert þær ráðstafanir til verndar rétti sínum, sem um getur í síðustu málsgrein 11. gr. laga 13. nóv. 1903 um vörumerki. Að þannig gefnu tilefni, og með því að stefndi taldi rétt sinn til vörumerkisins eldri og betri en rétt áfryjanda, höfðaði hann mál gegn áfryjanda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, til þess að fá viðurkendan rétt sinn á vörumerkinu og fá það síðan skrásett. Var honum með dómi nefnds réttar uppkveðnum 20. júní þ. á. dæmt rétt að fá umstefnt vörumerki skrásett með þeim einkarétti til að nota það, er hann hafði heimting á, þegar hið danska steinolíuhlutafélag tilkynnti það. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. júlí f. á., og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að stefnda verði eigi úrskurðaður réttur til þess að fá vörumerkið skrásett, og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Stefndi mótmælir kröfum áfryjanda.

Það er nægilega sannað í máli þessu, að stefndi seldi steinolíu árin 1910 og 1911 í tunnum auðkendum með vörumerki eins og því, er hann beiddist skrásetningar á. En í aprílmán. 1911 lét áfryjandinn skrásetja vörumerki

fyrir steinolú, steinolúafurðir o. fl., og taldi hann merkið á steinolútunnum stefnda svo líkt skrásettu merki sínu, að um þau yrði vilzt, og að stefnda væri því óheimilt að selja steinolú í þannig merktum ílátum; fekk hann dóm fyrir þeirri kröfu 28. marz þ. á. slíkan sem fyr segir.

Það er líkt með vörumerkjum áfryjanda og stefnda, að í báðum merkjunum er orðið Rocklight letrað yfir miðjum tunnubotninum í beinni línu, fyrir ofan það í hringboga upp á við orðin Extra Refined og fyrir neðan það í hringboga niður á við orðið Petroleum. Það er augljóst, að orðin Extra Refined Petroleum eru svo alment nafn og lýsingarorð á vörutegundum af þessu tagi, að öllum verður að vera heimilt að nota þau í vörumerki sínu. En áfryjandi heldur því fram, að orðið Rocklight sé sérstakt tilbúið heiti á vörutegundum þeim, sem taldar eru í skrásetningu vörumerkis hans. Það er þó, eins og fyr segir, sannað, að stefndi verzlafi árið áður en áfryjandi lét skrásetja vörumerki sitt, með steinolú í tunnum með vörumerki því, er hann síðar leitaði skrásetningar á; svo er það og upplýst af áfryjanda sjálfum, að önnur verzlun hér í bænum hafi selt steinolú með nafninu Rocklight þegar árin 1901 og 1902. Eftir þessu hefir þá áfryjandi eigi fyrstur notað eða tekið upp orðið Rocklight sem sérstakt tilbúið heiti á ákveðinni tegund steinolú, og hann hefir eigi heldur sýnt fram á, og jafnvel eigi haldið því fram, að hann hafi frá réttum hlutaðeiganda öðlast rétt til að nota orðið á greindan hátt; hann getur því eigi fært sér í nyt í þessu efni ákvæði 5. gr. 1. málsg. vörumerkjalaganna 13. nóv. 1903, en það verður að líta svo á, að skrásetning þessa orðs í vörumerki áfryjanda sé eigi því til fyrirstöðu, að stefndi noti það í vörumerki

sínu og fái það skrásett með þeim einkarétti, sem tiltekinn er í hinum áfrýjaða dómi.

Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðar ákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta hann.

Stefndi hefir eigi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, og er þá rétt, að hann falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 37/1912:

Jón Árnason

gegn

Holger Debell fyrir hönd hins
danska steinolíuhlutafélags.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 28. marz þ. á., var áfrýjanda Jóni kaupmanni Arnasyni í Reykjavík eftir kröfu stefnda, Holger Debell fyrir hönd »hins danska steinolíuhlutafélags«, dæmt óheimilt að nota á steinolíu og allskonar steinolíuafurðir, nafta eða aðra lýsingarvökva, vörumerki, er stefndi taldi of líkt skrásettu vörumerki sínu, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. sept. þ. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði